



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS



Alþingi
Erindi nr. P 133/1461
komudagur 5.3.2007

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. mars 2007
ASÍ mál: 200702-0063/64

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd og breytingar á ýmsum iögum vegna samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd (616. / 617. mál).

Sú samvinna milli innlendra og erlendra yfirvalda á sviði neytendamála sem fjallað er um reglugerð Evrópuþingsins nr. 2006/2004 er til þess fallin að auka vernd neytenda og koma á mikilvægri samvinnu milli stofnanna á Evrópska efnahagssvæðinu. Nauðsynlegt er að þau lögbæru stjórnvöld sem bera ábyrgð á framkvæmd laganna hafi skýrt verksvið og valdheimildir til að framfylgja þeim. Þær tillögur sem er að finna í frumvarpinu eru til bóta hvað þetta varðar og styrkja stöðu neytendamála hér á landi.

F.h. Alþýðusambands Íslands,

Henný Hinz
Hagdeild ASÍ